

Fundur 17.4.2023. Vigfús Jónsson sýslumaður í Kjósasýslu á sautjandu öld.

Já, komið þið sælir.

*Góða kvöldið.*

Er það stórkostlegt að fá loksins tækifæri til að tala við fólk á gömlu jörðinni og hef ég lengi beðið eftir því og er þetta nú allt að stefna upp á við og hef ég tekið vel á móti öllum sem mér hafa leiðbeint á framfara braut og veit ég að mörg ykkar munu læra af sögu minni, þar sem margir af þeim sem eru á gömlu jörðinni eiga í starfsemi samskonar og persónu eiginleika og galla sem hleyptu mér í glötun á sínum tíma.

Og finnst mér það svo gott að geta talað hér frá stjórnusambandsstöð frá þessum stað, þar sem ég hef lengi þráð að komast á slíkan stað, þar sem ástandið er nokkuð gott og mér var sagt frá sannleikanum um veruleikann og náttúrulögmálin og lögmál réttar breytni og karma lögmál og allt slíkt.

Fögur og friðsæld náttúra, hverju hún skilar, og rósamt geð og var það svo oft sem ég þurfti að skríða í hellisskútum og fara í felur með allar þær skoðanir sem tengdust þessum sannleika og var mér oft refsað fyrir það og finnst mér eins og þungu fargi létt af brjósti mínu er ég get lýst því nokkru nánar, en ekki veit ég hvort mér takist það í kvöld.

En finnst mér það mjög gott að komast í samband við gömlu jörðina og skynja ég á orku þeirri sem frá frá ykkur kemur, að framfarir hafa orðið miklar á gamla hnettinum og eitt af því sem ég hef lært hér í framlífi er að auka andlega skynjun mína og skynja til ykkar að hjá ykkur eru jákvæðari straumar en þegar ég var uppi á jörðinni og bjartara um að litast og það er nú gott.

Enn þá er það nú svo að hér á þessum framlífs hnetti lendi ég í því oft sinnis að missa stjórn á skapi mínu og getur það birst í gjörðum eða orðum eða hugsunum og getur það minnkað orkuna og hindrað það að ég taki þátt í uppbyggilegum athöfnum og öllum þeim félagsskap sem stuðla að því að maður haldi áfram á framfara brautina en falli ekki aftur í sama gamla farið.

Og veit ég að braut mín er ekki nema rétt svo hálfnuð upp til þeirra lífsstefnu hnatta, þar sem engar ástarraunir skyggja á, en hér er ég þó kominn á hnött þar sem sólargangur er með eðlilegum hætti eins og er á gömlu jörðinni og finnst mér það mikill munur.

Ég lærði til prests á fyrstu framlífs jörð minni, en ég var sýslumaður á gömlu jörðinni og þótti ég harður og ofbeldishneigður í því starfi.

Dáðist ég mjög að kirkjunnar mönnum í mínu jarðlífi, hvernig þeir náðu undir sig jörðum bændanna og fjölmargra ætta sem dáíð höfðu út í pestinni miklu og öðrum sjúkdómum og felli og margskonar erfiðleikum sem fylgir í jarðlífi, og náði ég að safna nokkru fé í frumlífi á jörðinni og einsetti ég mér í framlífi að verða enn þá ríkari og voldugri.

Og ýtti ég öllum fögrum kenndum til hliðar í fyrsta framlífi mínu og var mér kennt það af félögum mínum og öðru fólk að við mættum ekki staldra við og hugsa eða hika í lífsbaráttunni, heldur yrðum að halda áfram og var ég svo óvanalega búinn í fyrsta framlífi mínu að þar var stilli hópur sem hræddist mig af gömlu jörðinni og lenti ég í slagtogi við nokkra af gömlu jörðinni og aðra sem byggðu upp lénsveldi sem var miklu meira og fullkomnara en á gamla Íslandinu.

Og þóttist ég heppinn að vera í þeirri sjaldgæfu aðstöðu að fólk það sem hafði hræðst mig á jörðinni, hræddist mig í framlífi og fleiri til sem höfðu polað erfiðleika í frumlífi sínu.

Og varð ég trúarhöfðingi á þeim hnetti og gerðist það hratt og blindaðist ég af völdunum og fórum við ekki vel með fólk og atvik sem gerðust á þeim hnetti, mjög ljót og það hafa vafalaust einhverjar svipaðar sagnir verið ykkur sagðar úr framlífi annarra hnatta og mannkynja.

Og gerðist það þó þegar ég var orðinn nokkuð aldraður á þeim hnetti að ég hitti einstaklinga sem sögðu mér að ég væri á rangri braut og samkvæmt hefðinni var þeim komið fyrir kattarnef, en það var ekki laust við að í sál minni væri einhver efi þar byrjaður að koma í ljós.

Og líkami minn á þeim stað var undirlagður margskonar sjúkdómum og orkustreymi á víxl sem fékkst með óheilnæmum aðferðum og þegar kom fram í þar næsta framlíf, voru þar staddir valkostir sem ég þurfti að velja um og veit ekki alveg hvort ég geti lýst því hvernig geð mitt fékk í sig annars konar og betri orku og brotnaði að kalla má og fór ég að sjá að þetta væri rangt.

Og það var mjög erfitt að snúa til baka, þar sem hluti af vandanum var í mér og geði mínu þótt ég hafi vanist þessum aðferðum til að lifa af, að þá var, ég þurfti að rifja upp gömlu jörðina og foreldra mína og það blíða og góða sem þau höfðu gefið mér einstaka sinnum.

Og þannig þurfti ég að hafna frumlífi mínu og framlífi mínu með tímanum og endurmóta sjálfan mig og alveg velja nýjar brautir, nýjar leiðir og hefur það smá saman tekist og hef ég nú varla tölu á þeim framlífs jörðum sem ég hef farið á, en þær eru fleiri en tíu.

Og langaði mig að verða einn af mörgum sem hafa náð sambandi við gömlu frumlífs jörðina.

Nafn mitt er Vigfús Jónsson og var ég uppi á sextánda öld, já hef ég hér eignast betra líf í framlífi og var svo komið um tíma að ekki var þar sólargangur, heldur myrkur, þar sem verst var ástandið og stöðug lífsbarátta við erfiðar aðstæður.

Og já það eru víst margar ásæður fyrir því að þannig fer, en hef ég einnig spurnir af því að aðrar kynslóðir lendi í öðrum vandamálum og er alltaf að læra eitthvað nýtt.

Verð ég nú að kveðja ykkur brátt, vil ég leyfa ykkur að spurja nokkurra spurninga.

*Hvaðan af landinu ertu af Íslandi?*

Kjós.

*Já, já, sýslumaður í Kjósasýslu?*

Já, og það var erfið lífsbaráttan og maður þurfti að, það var mikil fátækt og ég tók eftir því að fólk notaði hvert tækifæri til að koma sér áfram og kenndi manni lexíu, já og er ég ekki frá því að einhver góð öfl hafi bætt ástandið á Íslandi og hef ég þó einhverja samúðartilfinningu til þess að hefðu aðstæður mínar verið betri hefði ég losnað við marga og langvinna erfiðleika, vil ég nú kveðja ykkur.

Þakka ég fyrir gott hljóð og verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu sæll.*